



## 1. Stefna og markmið

Stefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi sjóðsins verði notuð til að þvætta fjármuni eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Sjóðurinn setur því þessar reglur með það að markmiði að hindra að rekstur og starfsemi hans verði notuð til að þvætta fjármuni eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Reglurnar byggjast á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum.

## 2. Peningabætti

Peningabætti er þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við ávinningi, nýtir ávinning eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum; einnig þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

## 3. Ábyrgðarmaður

Hjá LV er tilnefndur ábyrgðarmaður aðgerða sjóðsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (hér eftir nefndur ábyrgðarmaður) skv. 34. gr. laga nr. 140/2018. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að innleiddar séu stefnur, reglur og verkferlar í tengslum við reglur þessar og þau lög sem snúa að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ábyrgðarmaður sér um tilkynningar og samskipti við stjórnvöld er varða peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ábyrgðarmaðurinn skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum er skipt geta máli vegna tilkynningar. Yfirvöldum skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns.

Ábyrgðarmaður skal upplýsa stjórn a.m.k. árlega um framkvæmd reglnanna, fjölda tilkynninga til yfirvalda og fleira eftir atvikum. Stjórn getur gefið fyrirmæli um auknar ráðstafanir eftir því sem við á.

## 4. Áhættumat

LV skal gera áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skal meðal annars taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumat skal uppfært á tveggja ára fresti eða oftár ef tilefni er til. Ávallt skal framkvæma áhættumat áður en nýjar vörur eða þjónusta er sett á markað og þegar teknar eru í notkun nýjar dreifileiðir og ný tækni.



### 5. Áreiðanleikakannanir

#### 5.1 Almennt

Til þess að draga úr áhættunni á að LV sé notaður í peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka framkvæmir LV áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum.

Áreiðanleikakönnun skal framkvæmd í eftirfarandi tilvikum:

- Við upphaf viðvarandi samningssambands<sup>1</sup>
- Vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri
- Þegar um einstök viðskipti er að ræða, hvort sem um er að ræða millifærslu fjármuna innan lands eða yfir landamæri, að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni
- Ef grunur leikur á um peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða ef fyrirliggjandi upplýsingar eru ófullnægjandi, vafi leikur á um hvort þær séu réttar eða áreiðanlegar

Áreiðanleikakannanir eru framkvæmdar á grundvelli áhættumats og eru ólíkar eftir því hvort viðskiptamaður er einstaklingur eða lögaðili. Þegar áhættumat sýnir fram á að um litla áhættu sé að ræða er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun<sup>2</sup>. Sýni áhættumat eða atvik er varða viðskiptamann hins vegar fram á að um aukna áhættu sé að ræða ber að beita aukinni áreiðanleikakönnun sem felst meðal annars í aukinni upplýsingasöfnun um viðskiptamann, uppruna fjármagns og aukið eftirlit með viðskiptum.

#### 5.2 Reiðufé

Ekki er tekið á móti reiðufé við:

- Greiðslu iðgjalda í samtryggingu
- Greiðslu í séreign
- Afborganir og innborganir lána
- Greiðslu vegna viðskipta með fjármálagerninga sjóðsins

Einungis er leyfilegt að taka móti reiðufé vegna kostnaðar við skjalagerð og greiðslumat.

#### 5.3 Einstaklingar

Einstaklingar skulu í upphafi viðvarandi samningssambands við sjóðinn framvísa viðurkenndum persónuskilríkjum<sup>3</sup>. Í tilfelli sjóðfélaga eða þess einstaklings sem nýtur áunninna réttinda skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal sanna á sér deili í síðasta lagi við útgreiðslu áunninna réttinda.

Þeir sem koma fram fyrir hönd einstaklinga þurfa að sanna á sér deili og sýna fram á umboð sitt.

<sup>1</sup> Áreiðanleikakönnun á grundvelli þessara reglna á ekki við þegar sjóðurinn er kaupandi þjónustu hjá öðrum tilkynningaskyldum aðila sem er undir eftirliti í sínu heimaríki.

<sup>2</sup> Einfölduð áreiðanleikakönnun felur í sér öflun upplýsinga um nafn kennitölu og lögheimili viðskiptamanns.

<sup>3</sup> Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja skulu teljast vegabréf, ökuskírteini, rafræn skilríki og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum.



Kanna skal áreiðanleika upplýsinga sem einstaklingar gefa með því að athuga hvort þær séu í samræmi við skráningu í þjóðskrá. Í tilfalli einstaklinga sem eru með búsetu utan Íslands þá skulu þeir einstaklingar framvísa ljósriti af gildum persónuskilríkjum sem staðfest hafa verið af lögbókanda, eða öðrum viðurkenndum aðila, eða lífsvottorði til staðfestingar á dvöl í því landi sem þeir eru með skráð lögheimili.

Sjóðurinn kann að gera auknar kröfur við upplýsingaöflun áður en stofnað er til viðskipta. Þegar einstaklingar sækja um sjóðfélagalán skal framkvæma aukna áreiðanleikakönnun sem meðal annars felst í greiðslumati og upplýsingaöflun vegna þess.

### 5.4 Lögaðilar

Í upphafi viðvarandi samnings sambands við lögaðila, sem ekki eru tilkynningarskyldir aðilar<sup>4</sup>, skal afla upplýsinga sem staðfesta tilvist lögaðilans og raunverulegra eiganda hans. Meðal annars skal leitast eftir upplýsingum um:

- Kennitölu lögaðila
- Aðsetur lögaðila
- Símanúmer og netfang
- Hjá innlendum lögaðilum skal afla upplýsinga um raunverulega eigendur úr fyrirtækjaskrá
- Ef lögaðili er ekki skráður í fyrirtækjaskrá, skal óska eftir samþykktum, stofnsamningi, eða annarri formlegri staðfestingu á heiti, kennitölu, heimilisfangi og hverjir sitja í stjórn og fara með prókúru

Kanna skal áreiðanleika upplýsinga sem lögaðilar gefa með að athuga hvort þær séu í samræmi við skráningu í fyrirtækjaskrá.

### 5.5 Viðskiptamenn sem lúta einfaldaðri áreiðanleikakönnun

Heimilt er að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun í eftirfarandi tilvikum:

- Vegna greiðslu iðgjalda í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Vegna viðskipta við íslensk stjórnvöld, lögaðila á vegum íslenska ríkisins eða sveitarfélög
- Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir

Einfölduð áreiðanleikakönnun felur í sér öflun upplýsinga um nafn, kennitölu og heimilisfang.

### 5.6 Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla

LV skal hafa viðeigandi kerfi, ferla og aðferðir til að meta hvort innlendir eða erlendir viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi sé í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla. Til þess hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, nánasta fjölskylda þeirra og einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

<sup>4</sup> Tilkynningarskyldir aðilar eru aðilar sem falla undir lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarskyldum aðilum ber m.a. að hafa stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr og stýra áhættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka



Sé viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla skal til viðbótar við áreiðanleikakönnun jafnframt grípa til eftirfarandi aðgerða:

- fá samþykki áhættustýringar LV áður en stofnað er til samningssambands eða viðskipta eða þeim er haldið áfram
- grípa til viðeigandi ráðstafana til að kanna uppruna auðs viðkomandi og uppruna þeirra fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum
- hafa aukið reglubundið eftirlit með samningssambandinu

### 5.7 Aukin áreiðanleikakönnun

Beita skal aukinni áreiðanleikakönnun vegna aukinnar hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka ef viðskiptavinur telst í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, grunur leikur á að viðskiptavinur tengist skipulagðri glæpastarfsemi, lúti alþjóðlegum þvingunaraðgerðum eða viðskipti eru að öðru leyti talin fela í sér aukna áhættu með hliðsjón af m.a. tengslum við áhættusöm svæði.

Í tengslum við aukna áreiðanleikakönnun skal leita leiðbeininga hjá áhættustýringu LV.

### 5.8 Reglubundið eftirlit

Meðan samningssamband viðskiptamanna við LV stendur yfir skal vera reglubundið eftirlit með samningssambandinu sem felst meðal annars í eftirliti með færslum viðskiptamanna til að greina óvenjulegar eða grunsamlegar færslur.

### 5.9 Eftirlit með viðskiptamönnum á listum yfir þvingunaraðgerðir og frysting fjármuna

LV skal hafa eftirlit og verklag til að meta hvort viðskiptamenn sínir séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Ef viðskiptamaður LV er á lista yfir þvingunaraðgerðir ber LV skylda að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hans í samræmi við lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna og hindra þannig að aðilar á listum yfir þvingunaraðgerðir fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

### 5.10 Eftirlit með viðskiptamönnum búsettum á áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum

LV skal hafa eftirlit og verklag til að meta hvort viðskiptamenn sínir séu búsettir eða með staðfestu í ríkjum sem eru skilgreind sem áhættusöm og ósamvinnuþýð. Áhættusöm ríki eru þau ríkjastæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.<sup>5</sup> Ef viðskiptamaður er með skráða búsetu í áhættusömu ríki ber LV að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun sem felst meðal annars í aukinni upplýsingasöfnun um viðskiptamann, uppruna fjármagns og aukið eftirlit með viðskiptum.

Afla skal samþykki áhættustýringar áður en stofnað er til viðskipta við viðskiptamann, með búsetu í áhættusömu ríki, eða til áframhaldandi viðskipta, ef til þeirra hefur verið stofnað nú þegar.

<sup>5</sup> Listi yfir áhættusöm ríki er birtur á vefsíðu Seðlabanka Íslands.



### 5.11 Frysting fjármuna og tilkynning til yfirvalda

Ef sjóðurinn verður þess var að viðskiptamaður hans sé á lista yfir einstaklinga á þvingunarlista er lagt mat á hvaða eignir viðskiptamannsins sé hægt að frysta sem eru svo í framhaldi frystar í samræmi við lög nr. 64/2019.

Framkvæmd frystingar getur meðal annars verið:

- Stöðvun á greiðslu lífeyris
- Stöðvun á greiðslu vegna úttektar á séreignarsparnaði
- Stöðvun á greiðslu vegna lánveitinga

Í framhaldi af frystingu fjármuna er haft samband við yfirvöld.

## 6. Grunsemdir um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka

### 6.1 Tilkynningar starfsmanna um grun um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka

Ef grunur vaknar hjá starfsmanni sjóðsins um grunsamlegt athæfi eða viðskipti sem gætu átt tengsl við ólögmetta starfsemi er starfsmanni skylt að tilkynna það til ábyrgðarmanns. Ekki er gerð krafa um vitneskju eða rökstuddan grun, né þarf starfsmaðurinn að mynda sér skoðun á því hvers konar afbrot kunna að liggja að baki.

Starfsmanni er óheimilt að upplýsa viðkomandi viðskiptamann eða aðra utanaðkomandi aðila um að tilkynnt hafi verið um grunsemdir.

### 6.2 Greining og tilkynningar um grunsemdir

Ábyrgðarmaður skal taka móti grunsemdum frá starfsmönnum og í framhaldi greina þær. Ef niðurstaða greiningar er að grunsemdir teljast réttmætar eru grunsemdirnar í framhaldi tilkynntar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Tilkynningin skal innihalda samantekt um niðurstöðu greiningar auk allra þeirra gagna sem teljast nauðsynleg til að útskýra niðurstöðu greiningar eða teljast skipta máli.

Við tilkynningar skal LV tryggja að vinnsla og meðhöndlun persónuupplýsinga sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### 6.3 Þagnarskylda gagnvart starfsmönnum

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að upplýsingum um starfsmenn sem tilkynna grun um peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé haldið leyndum í gegnum allt ferlið, meðal annars í tilkynningu til yfirvalda, og er þeim upplýsingum ekki deilt með yfirvöldum nema LV sé skylt samkvæmt lögum eða brýn nauðsyn krefjist þess.

### 6.4 Þagnarskylda um grunsemdir

Starfsmönnum er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi fái ekki vitneskju um að viðskipti viðskiptamanns við sjóðinn sé til skoðunar hjá sjóðnum sökum grunsemdar eða það sé búið sé að tilkynna þær grunsemdir til yfirvalda.



### 6.5 Skylda til að forðast viðskipti

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Skal tilkynna um viðskiptin til yfirvalda og taka fram í tilkynningunni innan hvaða frests LV er skylt að framkvæma viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

## 7. Fræðsla og ráðningar starfsmanna

### 7.1 Almennt

Eitt af lykilatriðum í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er fræðsla starfsmanna. Með því að fræða starfsmenn um þá hættu sem steðjar að sjóðnum í formi peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka eru varnir sjóðsins styrktar þar sem meðvitaðir starfsmenn eru líklegri til að koma auga á grunsamleg viðskipti og hugsanlega veikleika í vörnum sjóðsins.

### 7.2 Þjálfun starfsmanna

Við upphaf starfs skal kynna nýjum starfsmanni reglur og fræðsluefni sem snýr að peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skal mannauðsstjóri LV sjá til þess að svo sé gert.

Reglulega skal almenn fræðsla fara fram til að viðhalda þekkingu starfsmanna á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skal sjá til þess að fræðsla sé haldin reglulega, að lágmarki einu sinni á ári eða þegar breytingar verða t.d. á reglum eða áhættumati sjóðsins.

### 7.3 Öflun upplýsinga við ráðningu starfsmanna

Afla skal sakavottorðs í tengslum við ráðningu starfsmanna til sjóðsins.

## 8. Varðveiting upplýsinga um viðskiptamenn

Sjóðurinn skal varðveita afrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í að lágmarki fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

Sjóðurinn skal einnig varðveita gögn sem snúa að aðferðum og áhættumati á viðskiptamönnum, greiningum á grunsemdum, viðskiptayfirlitum viðskiptamanna og samskiptum við yfirvöld sem snúa að peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í lágmark fimm ár.

## 9. Innra eftirlit

Innri endurskoðun skal yfirfara reglur sjóðsins sem tengjast þessum málaflokki með reglubundnum hætti.

## 10. Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu stjórnar. Reglurnar skal yfirfara eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.